



III

H. Laxness, hvers fullt nafn er nú Halldór Kiljan Laxness, er rithöfundur og einkum sagnahöfundur. Faðir hans, músíkalskur hjartagæðingur, vann sem vegavinnuverkstjóri hjá ríkinu. Seinustu árin sem hann lifði var hann einnig bóndi á bænum Laxnesi, nokkra kílómetra frá Reykjavík. Kona hans og móðir Laxness er mikil húsmóðir og snjöll fjármálakona, að minnsta kosti í eigin þágu.

Laxness hóf nám í Menntaskólanum í Reykjavík en þegar hann var kominn í 4. bekk varð hann að leggja lærdóminn á hilluna vegna skakandi þrýstings skáldlegra vinda.

Ungur hóf hann rithöfundarferil sinn. Fyrsta bók hans var stutt skáldsaga þar sem nokkrar sögupersónanna frömdu sjálfsmorð vegna óhamingjusamrar ástar en ekki hefi ég heyrt að þeim hafi tekist að fá nokkurn lesanda til að farga sér. Eftir þessar blóðsúthellingar þrammaði hið unga skáld eftir götum Reykjavíkur með hátíðlegan svip, nefklemmur af gulli og breiðan heldrimannaflibba tautandi við sjálfan sig: „Ég óska mér ekki frægðar en yrði ánægður aðeins ef vegfarendur segðu: Í þessari ásjónu býr eitthvað mikið.“

Skömmu seinna hefst nýtt tímabil í lífi Laxness. Tvisvar fer hann utan og dvelur á ýmsum stöðum í Norður-Evrópu. Sú aristókratíska farsótt geisaði þá um mörg norðlæg lönd að uppgjafaríthöfundar og listamenn leituðu skjóls hjá hinni katólsku kirkju fyrir þjáningum helvítis eftir dauðann. Til að fylgja tískunni ákvað Laxness einnig að bjarga sálu sinni á þennan hátt. Þess vegna snerist hann til katólskrar trúar í annarri utanferð sinni og dvaldi um nokkurt skeið við mikla guðrækni í klaustri einu í Lúxemborg. Til þess að skola sem rækilegast af

sér sinn gamla Adam kastaði hann föðurnafni sínu og lengdi í staðinn persónuleika sinn með fjórum nýjum. Er hann gekk inn í klaustrið nefndist hann Halldór Guðjónsson en þegar hann fór út þaðan bar hann sem vopn gegn Djöflinum nöfnin: Halldór Pétur María Kiljan Laxness.*

Á meðan dvöl hans í klaustrinu stóð gaf hann sig undir þá klausturgráðu sem á íslenska tungu nefnist því virðulega nafni heimsmunkur. Sagt er að hann sé neðsta þrep klausturlifnaðar. Og hefi ég heyrt að hinir svonefndu heimsmunkar skeri sig einkum frá öðrum lifandi verum með því að klæðast sérstakri tegund nærbuxna. En um þetta skref sitt hefir Laxness alltaf verið þögull á landi voru.

Er Laxness var kominn heim úr klaustrinu var hann orðinn ofstækisfullur katólikki. Í hugarfylgsnum hans var katólskan eins og fastastjarna og í kringum hana þeyttust í eilífri hringrás öll hans sjónarmið og hugmyndir. Alheimurinn breyttist í handfylli af frumstæðum einfaldleika þar sem hverja ráðgátu var hægt að leysa með tilvitnun í eitthvert stórasannleiksrit „hinnar heilögu kirkju“. Lofandi nafn „hins heilaga föður“ hverfðist rödd hans í hátíðlega aðdáun. Á veggnum yfir rúmi sínu geymdi hann stórt talnaband og samkvæmt því taldi hann bænir sínar í guðrækilegri upphafningu á hverjum morgni, á hverju hádegi og á hverju kvöldi. Með lokuðum augum leitaðist hann við að beina innri sjón sinni til Golgata, útmálandi skýrlega fyrir sér sverðs- og naglaförin á blessuðu holdi hins krossfesta Krists, vitaskuld ekki samt án þess að leiða hugann að hinu hversdagslega þjóðfélagi sem hékk beggja vegna við vorn göfuga frelsara. Í annan stað beindi hann kröftum sínum að því að telja skref „hinnar heilögu meyjar“, reynandi að sjá hana fyrir sér gangandi í kvöldhúminu að baki Olúfjallsins til fundar við einhvern „Heilagan anda“. Og stundum stökk hann fram úr rúminu snemma morguns og hljóp í katólsku kirkjuna til þess að úthella bænum sínum af ástríðu, knéfallandi í djúpri iðaran og auðmýkt. Og á fastandi maga smakka á hinu ljúffenga holdi Krists.

Í slíku ástandi lifði Laxness í nokkur ár. Það gefur augaleið að slíkur heittruarmaður hefir notið mikillar hylli hjá hinum katólsku prestum í Reykjavík. Og jafnvel allir katólikkar landsins – sem reyndar eru fáir og ekki um of þrugaðir af hinni æðri visku – litu á hann sem rísandi stjörnu á hinum katólska himni. Þessi aðdáun varð þó blandin nokkurri tortryggni þegar sá orðrómur læddist um borgina að einhver „sveitastúlka í meydómi“ hefði alið honum barn í Danmörku.

Einhverju sinni, rétt eftir trúskipti sín, dvaldi Laxness nokkurn tíma í Kaupmannahöfn. Þá bjó hann hjá íslenskum hjónum sem

ég þekkti vel. Á meðan á dvöl hans þar stóð vanrækti hann að taka sakramentið í nokkrar vikur. Vegna þessa virtist hann verða órólegur og kvartaði hann oft um þessa léttúð sína. Til þess að fá sakramentið varð hann að fara í kirkjuna að morgunlagi. En hann var morgunsvæfur og því bað hann húsbóndann að vekja sig þegar hann færi til vinnu sinnar. Húsbóndinn gerði það en Laxness sofnaði aftur. Að lokum fékk hann þó svo óþolandi samviskubit að húsbóndanum tókst að reka hann fram úr rúminu. Og Laxness bjó sig nú undir guðspjónustuna. Áður en hann fór af stað bauð húsfreyja honum morgunkaffi eins og venjulega. Laxness svaraði: „Ertu frá þér? Ég má ekkert smakka áður en ég nýt hinnar helgu máltíðar“. Að svo búnu fór hann út. En eftir skamma stund kom hann aftur. Hálfílmtruð spurði húsfreyjan: „Hvað kom fyrir? Ertu strax búinn að taka sakramentið?“ „Heldurðu ekki“, svaraði Laxness, „að helvítis presturinn hafi verið farinn frá altarinu þegar ég kom.“

Þessa sögu sagði húsfreyjan mér sjálf fyrir nokkrum árum og lýsir hún vel hugarástandi Laxness um þessar mundir.

* Kiljan er nafn á einhverjum írskum dýrtingi. Laxness er eignarfall bæjarnafnsins Laxnes.